

Hluthafafundur Kaldalóns hf.

Fimmtudaginn 2. nóvember 2023, kl. 16:30, var haldinn hluthafafundur Kaldalóns hf., kt. 490617-1320 („félagið“), á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Lagði hann til að Bjarki Diego yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Tók þá fundarstjóri við stjórн fundarins og lagði til að Tómasi Magnúsi Þórhallssyni yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 71% hlutafjár félagsins. Fór fundarstjóri yfir lögmæti fundarins og þar sem fundarboð er í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá aðalfundarins:

1. **Tillaga stjórnar um öfuga skiptingu.**
2. **Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins til að endurspeglar öfuga skiptingu hluta auk fyrirhugaðra breytinga er snúa að undirbúningi félagsins til skráningar á aðalmarkað Nasdaq Iceland.**
3. **Önnur mál.**

Því næst var gengið til dagskrár.

1. **Tillaga stjórnar um öfuga skiptingu hluta miðað við hlutfallið 10:1**

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um öfuga skiptingu hluta í féluginu (*e. reverse share split*) þar sem hverjum tíu (10) hlutum í féluginu, þar sem hver hlutur er að nafnverði kr. 1, verði skipt í einn (1) hlut þannig að nafnverð hvers hlutar verði kr. 10.

Lagt var til að stjórн félagsins yrði falið að ákveða nánari dagsetningar í ferlinu að höfðu samráði við fyrirtækjaskrá Skattsins og Nasdaq Iceland hf.

Fyrirhuguð tímálína við ferlið er sem hér segir:

- Síðasti viðskiptadagur fyrir hina öfugu skiptingu – 6. nóvember 2023
- Fyrsti viðskiptadagur eftir hina öfugu skiptingu – 7. nóvember 2023

- Réttindadagur hinnar öfugu skiptingar (hin öfuga skipting mun miðast við hlutaskrá félagsins eins og hún verður í lok réttindadags) – 8. nóvember 2023.

Í kjölfar öfugu skiptingarinnar munu ákveðinn fjöldi hluthafa ekki eiga fjölda hluta í heiltolu í kjölfar öfugu skiptingarinnar („umframhlutirnir“). Tillaga stjórnar felur því einnig í sér að eignarhald á slíkum umframhlutum færst frá viðkomandi hluthöfum til félagsins, á réttindadegi öfugu skiptingarinnar (8. nóvember nk.), og mun félagið fela þriðja aðila, sem hefur til þess tilskilin leyfi, að annast sölu á umframhlutunum fyrir hönd félagsins og skal söluandvirði umframhlutanna skipt hlutfallslega á milli viðkomandi hluthafa sem eiga til þess rétt.

Í kjölfar hinnar öfugu skiptingar fer fjöldi hluta í félaginu úr 11.128.216.470 hlutum, hver hlutur að nafnvirði 1. kr., í 1.112.821.647 hluti, hver hlutur að nafnvirði 10 kr.

Fram kom í máli fundarstjóra að markmiðið með öfugu skiptingunni er meðal annars að gera viðskiptavakt með útgefin hlutabréf í félaginu skilvirkari og öflugri.

Auk þess kom fram að engar breytingar verða á atkvæðisrétti eða rétti til arðgreiðslna með öfugu skiptingunni nema að því leyti sem slíkt leiðir af umframhlutum sem verða seldir á markaði í samræmi við það sem fram kemur í tillögu stjórnar.

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur stjórnar á breytingum á samþykktum félagsins til að endurspeglar fjölda hluta í kjölfar öfugu skiptingarinnar (liðir 1-5) ásamt tillögum stjórnar að breytingum er snúa að undirbúningi félagsins til skráningar á aðalmarkað Nasdaq Iceland (liður 6):

1. Grein 2.1 skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 11.128.216.470. Hlutaféð skiptist 1.112.821.647 hluti, hver að nafnvirði tíu (10) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár.

2. Grein 2.2 skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að gefa út áskriftarréttindi að allt að 27.000.000 nýja hluti í félaginu. Stjórn er jafnframt heimilt í fimm ár, til 16. desember 2026, að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við áskrift nýrra hluta á grundvelli áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fái rétt til áskriftar að nýja hluti en hvorki hluthafar né aðrir njóta forgangsréttar. Stjórn ákveður söluverð áskriftarréttindanna og

nánari skilmála þeirra. Áskriftarréttindi sem gefin eru út samkvæmt heimild þessari skulu seld á gangvirði samkvæmt verðmati frá óháðum sérfróðum aðila.

3. Grein 2.3 skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 33.000.000 nýja hluti, en þó bannig að hækkun nemi ekki meira en 3% af útgefnum hlutum í féluginu, til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum félagsins vegna kaupréttar- eða kaupsamninga og/eða samninga um áskriftarréttindi við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu félagsins. Hækunarheimild samkvæmt þessu gildir til 23. mars 2028. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækunar og bera nýir hlutir réttindi í féluginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

4. Grein 2.4 skal eftirleiðis vera svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 327.797.349 nýja hluti. Stjórn skal ákveða gengi nýrra hluta. Hækunarheimild samkvæmt þessu gildir til 25. maí 2027. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, heldur skal stjórn heimilt að selja þá fjárfestum. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækunar og bera nýir hlutir réttindi í féluginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Hina nýju hluti skal greiða fyrir með reiðufé, hlutafé og/eða með kröfum samkvæmt hvers konar skuldaviðurkenningum, þ.m.t. lánssamningum, eftir því sem stjórn ákveður hverju sinni. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

5. Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að grein 2.5 yrði felld úr gildi.

Fundarstjóri lagði fram tillögur skv. liðum 1 – 5 til samþykktar og voru tillögur stjórnar samþykktar samhljóða af fundarmönnum.

6. Fundarstjóri lagði til breytingartillögu stjórnar á grein 3.3 þar sem bætt er við nýjum lið (viii) og í kjölfarið lögð fram tillaga um að fella grein 4.3 úr gildi:

„Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

- (i) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár;
- (ii) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir næstliðið rekstrarár;

- (iii) Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu rekstrarári;
- (iv) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins;
- (v) Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags;
- (vi) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda;
- (vii) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins;
- (viii) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd;
- (ix) Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar félagsins, ef við á;
- (x) Önnur mál.“

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

3. Önnur mál

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundurinn veitti fundarstjóra heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.

Þá var lagt til að BBA//Fjeldco væri falið að tilkynna um ákvarðanir fundarins til fyrirtækjaskrár Skattsins. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:45.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Bjarki H. Diego
fundarstjóri